

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir móttöku, meðhöndlun
og förgun úrgangs í Grundarfirði nr. 1216/2011.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs með fasteignagjöldum ár hvert.

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirða fer fram: kr. 21.000 á tunnu í sorphirðugjald og kr. 19.000 á tunnu í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir og önnur orlofshús sem njóta ekki sorphirðu: kr. 15.700 í sorpgjald.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um sorphirðu í Grundarfirði nr. 462/2002 og öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 13. desember 2012.

Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2013